



» MEÐALÞYNGD MEÐ ÞVÍ HÆSTA SEM ÞEKKIST

ÞORSKUR SEM VEIÐIST NÚ ER EINU OG HÁLFU ÁRI ELDRI EN VAR 1991 » 6



Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

12. NÓVEMBER 2015

45. tbl. 34. árg.



Nær eingöngu graðýsa

Þorleifur EA er á dragnóta-
veiðum í Skagafirði og
megnið af aflanum er ýsa í
stærri kantinum. » 2

Samspil afla og verðmætis

Úr meiri afla fæst minna
verðmæti á hvert kíló og
öfugt, segir Kristján Hjalta-
son. » 5



Samherji í sérflokki

Velta Samherja árið 2014
var rúmlega tvöfalt meiri
en næsta sjávarútvegs-
fyrirtækis á eftir. » 4

HÆSTU LAUNIN Í SJÁVARÚTVEGI

» 4



MYND/ÞRÓSTUR NJÁLSSON

Fimm hæstu með helming

Tíu hæstu sjávarútvegsfyrirtækin eiga
að greiða um 5,1 milljarð í veiðigjöld og
66% af heildinni. Fimm hæstu fyrirtæk-
in eru með rúma 3,6 milljarða og um 47% af
heildinni, samkvæmt samantekt Fiskifrétta.
Hæsti greiðandinn er HB Grandi með um
1,1 milljarð króna og um 14% af heildinni.

Fiskistofa tilkynnti nýlega álagningu
veiðigjalda fyrir fiskveiðiárið 2014/2015.
Alls nemur álagningin 7,7 milljörðum
króna samanborið við 9,2 milljarða á fisk-

veiðiárinu þar á undan. Veiðigjöldin dreif-
ast misjafnt eftir einstökum stöðum eða
bæjarfélögum á landinu. Sjávarútvegs-
fyrirtæki í Reykjavík greiða hæstu gjöld-
in, samtals tæpa 1,6 milljarða króna. Fyr-
irtæki í Vestmannaeyjum koma þar á eftir
með tæpa 1,5 milljarða. Athygli vekur að
sjávarútvegurinn á tveimur hæstu stöð-
unum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum,
er með um 40% af öllum veiðigjöldunum.
Ef Akureyri er bætt við þá eru þessir þrír

hæstu staðir með helming allra veiði-
gjaldanna.

Þorskurinn er sú fisktegund sem gefur mest
af sér í veiðigjöld eða um 29% af heildinni.
Segja má að hann sé nokkurs konar „skatta-
kóngur“ veiðigjaldanna. Loðnan kemur þar
á eftir með tæp 17% af heildinni. Sjá nánar
umfjöllun um veiðigjöldin á blaðsíðu 8.

Myndin hér að ofan er tekin um borð í
togaranum Ásbirni RE í bræluskít.

» kjartan@fiskifrettir.is

FRAMÚRSKARANDI lausnir fyrir fiskframleiðendur

Samvals- og pökkunarflokkari

- » Fyrir flök eða bita
- » Sjálfvirk kassamötun
- » Allt að 80 stk á mínútu
- » Möguleiki á millileggi
- » Lágmarks yfirvigt
- » Frábær hráefnismeðhöndlun




Valka

Víkurbær 8 | 203 Kópavogur | S: 519 2300 | valka@valka.is | www.valka.is

Þorskvinnsla 2014

– eftir vinnsluaðferð



Þorskur

55% í frost

Á árinu 2014 voru um 238 þúsund tonn af þorski tekin til vinnslu, samkvæmt tölum á vef Hagstofunnar. Megnið af þorskinum var fryst í landi, eða um 101 þúsund tonn og rúm 42% af heildinni. Í öðru sæti yfir vinnsluaðferðir er söltun með um 22% af heildinni og ísað í flug er þriðja í röðinni með rúm 18%. Önnurn þorskur, sem fluttur var út í gámum, er um 2% af heild. Þegar landfrysting og sjófrysting eru lögð saman kemur í ljós að um 55% af öllum þorski eru fryst.

» kjartan@fiskifrattir.is

Fiskifréttir

ÚTGÁFUÉLAG:
Myllusetur ehf.ÚTGEFANDI:
Pétur Árni JónssonRITSTJÓRI:
Guðjón Einarsson
gujon@fiskifrattir.is
Sími 569 6625RITSTJÓRNARFULLTRÚI:
Kjartan Stefánsson
kjartan@fiskifrattir.is
Sími 569 6624BLAÐAMADUR:
Guðjón Guðmundsson
guju@fiskifrattir.is
Sími 569 6616AÐSETUR:
Nóatún 17,
105 Reykjavík
Áskrift: 569 6622AUGLÝSINGAR:
Sími: 569 6609PRENTUN:
Landsprent ehf.

Porleifur EA.

MYND/HAFÞÓRHREIÐARSSON

■ Porleifur EA á dragnót í Skagafirði og Húnaflóa

Nær eingöngu graðýsa

„Okkur hefur gengið þokkalega. Við byrjuðum á dragnótinni í ágúst og verðum á henni væntanlega út nóvember. Það er enginn kraftur í veiðinni en ágætisreytingur á okkar mælikvarða,“ sagði Gylfi Gunnarsson, skipstjóri á Porleifi EA, í samtali við Fiskifréttir er rætt var við hann um aflabrogðin.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrattir.is

Porleifur EA hefur verið að veiðum í haust frá Skjálflanda vestur í Húnaflóa en mest hefur báturinn haldið sig í Skagafirðinum. „Hér vestur frá fæst nær eingöngu ýsa en aflinn er blandaðri austur í Skjálflanda,“ sagði Gylfi.

Rætt var við Gylfa í síðustu viku en þá voru þeir staddir austan við Skaga, úti af Ketubjörgum nánar tiltekið. Þeir höfðu þá tekið tvö hol, annað gaf 900 kíló en hitt um 700 kíló. Um 95% aflans var ýsa. Porleifur EA hefur ekki mikinn ýsukvóta eins og fleiri bátar fyrir norðan en leigir nú til sín ýsu í skiptum fyrir þorsk. „Það gengur ágætlega að fá ýsuna leigða en vandin er sá að verðið hefur lækkað mikið á fiskmörkuðum. Ýsan er þar um 80 til 100 krónum lægri fyrir kíló en þorskur. Þessi verðmunur endurspeglar ekki að fullu í leiguverði á ýsu. Því er

ekki hagstætt að skipta á þorsk og ýsu. Ég skil ekki hvað ræður verðmyndun í leigukerfinu því það er oft í litlu samræmi við fiskmarkaðsverð,“ sagði Gylfi.

Fordómar gagnvart dragnótinni Stórum svæðum innan fjarða fyrir norðan hefur verið lokað fyrir dragnótaveiðum. „Svæðunum var lokað í fimm ár og á þeim tíma átti að skapa svigrúm til að rannsaka þau. Engar rannsóknir hafa farið fram og nú hefur bannið verið framlengt um tvö ár. Vanþekking á dragnótinni og fordómar gagnvart þessu veiðarfæri eru með ólíkindum. Það eru engin rök fyrir því að hafa þessi svæði lokað og ekkert annað en kjarkleysi sjávarútvegsráðherra sem ræður því að þau skuli ekki hafa verið opnuð á ný,“ sagði Gylfi.

Hann bætti því við að ágæt mið væru fyrir dragnótabáta innan við Drangey en þangað mættu þeir ekki fara. Þar gætu þeir þó verið í skjóli fyrir verstu



KARLINN Í BRÚNNI

Gylfi Gunnarsson,
skipstjóri á Porleifi EA

veðrum. „Ég veit ekki fyrir hvern er verið að friða þetta svæði. Þarna sést varla nokkur trilla. Trillurnar sækja sinn þorsk aðallega fyrir norðan Skaga,“ sagði Gylfi.

Allt stórýsa

Fram kom hjá Gylfa að ýsan sem veiddist í Skagafirði væri mjög stór, allt upp í 5 kíló að meðalþyngd á ákveðnum svæðum. „Þetta er nánast óeðlilegt. Ég var búinn að vera um 40 ár

“

Vanþekking á dragnótinni og fordómar gagnvart þessu veiðarfæri eru með ólíkindum.

til sjós þegar ég sá svona stórar ýsur í einhverju magni í fyrsta sinn. Auðvitað hafði stöku stórýsa veiðst fyrir norðan. Nú er þetta nánast regla að veiða stórýsu þótt hægt sé að fá blandaða ýsu á einstaka blettum sem betur fer. Hér er nánast eingöngu graðýsa á feð og þessir þorskar sem fljóta með eru mjög góðir líka,“ sagði Gylfi.

Hætta saltfiskverkun

Gylfi gat þess að aflinn í veiðiferð væri mikið frá 4 til 5 tonn um upp í 10 til 12 tonn. Aflinn í októbermánuði hefði verið um 117 tonn. Þeir landa mikið á Hofsósi enda styst þangað að fara. Þeir ná því einu holi meira á dag miðað við að landað væri á Sauðárkróki.

Á vetrarvertíð er Porleifur EA á netum og landar í heimahöfn í Grímsey. Þar er útgerð skipsins með saltfiskverkun. „Ég geri ekki ráð fyrir því að við söltum fisk í vetur. Það er glórulaust miðað við þau verð sem við fáum fyrir saltfiskinn. Ef staðan breytist erum við klárir með verkunina,“ sagði Gylfi. Hann tók fram að þótt verð hækki eitthvað á saltfiskmörkuðum erlendi vægi það ekki upp á móti styrkingu íslensku krónunnar gagnvart evrunni.

HÁMARKS NÝTING OG ARÐSEMI MEÐ
ÍSLENSKU HANDVERKI

Vélarnar frá Curio eru vinnubjarkar sem sjá um hausningu, flökun, roðflettingu og brýningu og að sjálfsögðu er hægt að stilla vélarnar þannig að þær passi fyrir ólíkar fisktegundir.

Eyrartröð 4
220 Hafnarfirði
S: 587 4040
curio@curio.is
www.curio.is



Jón Magnússon á Patreksfirði. MYND/GA

Útgáfa

Jón á bók

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Hólum bókinn: Þetta var nú bara svona – ævisaga Jóns Magnússonar, skipstjóra og athafnamanns á Patreksfirði, skráð af Jóhanni Guðna Reynissyni. Þetta er baráttusaga manns sem var ekki hugað líf fljótlega eftir fæðingu, hætti að reykja 12 ára gamall og hefur farið sínar eigin leiðir í lífinu og berst þá ekki alltaf með straumnum.

Jón er landspektur skipstjóri og aflamaður. Í frétt frá forlaginu segir að þau hjónin, Jón og Lilja Jónsdóttir, hafi rekið Odda hf. og Vestra ehf. á Patreksfirði um árabil og aldrei selt eitt aukatekið kílógramm af kvóta frá útgerðum sínum. Starfsemiinni hafi fyrst og fremst verið ætlað að afla byggðarlaginu lífsbjargar og veita fólkinu þar eins tryggja atvinnu og auðið er.

Skipstjóri

Í fangelsi fyrir vanrækslu

Skipstjórar á Englandi geta búist við því að verða stungið í steininn ef þeir fylgja ekki reglum um öryggismál og fleira. Þetta mátti Michael Roy Stimson, skipstjóri og útgerðarmaður á fiskibátnum Alicia, reyna nýlega þegar hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir vanrækslu.

Skipstjórinn viðurkenndi að hafa slökkt á siglingaljósum þegar breska strandgæslan nálgast hann á sjó. Í ljós kom þegar sjóliðarnir komu um borð að báturinn var ekki með skráningu í lagi og skipverjar höfðu ekki lokið tilskilinni öryggisfræðslu. Þá var báturinn talinn óörugg fleyta þar sem fríborð var ekki nægjanlegt og stöðugleika ábótavant. Ofan á þetta allt saman var skipstjórinn, sem jafnframt er eigandi bátsins, dæmdur fyrir að hafa verið á veiðum að minnsta kosti tvisvar sinnum á svæði utan við Southampton sem lokað er vegna e-colí gerla-mengunar.

Mikill samdráttur í eldi á pangasius í Víetnam

Verðstríð ríkir í sölu á pangasius

Eldisfiskurinn pangasius hefur átt undir högg að sækja, að því er fram kemur í ritstjórnargrein á vef Seafood-Source. Þar segir að í vor hafi verið talið að eldi á pangasius í Víetnam hafi náð botninum. Nú sé hins vegar komið í ljós að enn frekar hafi sigið á ógæfuhliðina og ekki sjái fyrir endann á því.

Ástæðan er lágt verð sem smásölukeðjur greiða fyrir fiskinn. „Það ríkir verðstríð,“ segir einn innflytjandi á pangasius í Evrópu.

Undir lágmarksverði

Þýsku verslunarkeðjurnar Aldi og Lidi berjast grimmt um hylli neytenda með því að þrýsta verðinu niður. Þær hafa knúið birgja til að selja sér pangasius langt undir lágmarksverði samtaka útflytjenda sjávarafurða í Víetnam. Lágmarksverð þeirra eða viðmiðunarverð er 3 dollarar (388 ISK) á kíló fyrir roðlaus og beinlaus pangasiusflök. Stjórnvöld í Víetnam hafa einnig ákveðið lágmarksverð en það er sömuleiðis ekki virt.

Aðrar verslunarkeðjur, meðal annars á Englandi, hafa blandað sér í verðstríðið.

Í mörgum lágvörðverslunum í Evrópu geta viðskiptavinir keypt pangasius frá 2,50 dollurum og upp í 2,9 dollara kíló (323-375 ISK). Eldisstöðvarnar í Víetnam geta ekki búið við þetta verð. Kostnaður hefur aukist en verð stórlækkað.



Pangasius fóðraður í Víetnam.

Gríðarlegur samdráttur

Í kjölfarið hafa æ fleiri eldisbændur hætt framleiðslu á pangasius í tjörnum á jörðum sínum á Mekong-svæðinu í Víetnam. Sumir þeirra hafi snúið sér að eldi á tilapiu eða rækju og aðrir hafa

einfaldlega farið að rækta hrísgrjón á ný.

Því er spáð að framleiðsla á pangasius í Víetnam verði undir einni milljón tonna á þessu ári samanborið við 1,5 milljóna tonna árlega framleiðslu fyrir 10

“

Því er spáð að framleiðsla á pangasius í Víetnam verði undir einni milljón tonna á þessu ári samanborið við 1,5 milljóna tonna árlega framleiðslu fyrir 10 árum.

árum. Búist er við því að framleiðslan dragist enn meira saman á næsta ári.

Á sama tíma og hefðbundnir markaðir í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum dragast saman hafa nýir markaðir opnast í Brasilíu og Miðausturlöndum en þangað leitar fiskur að lakari gæðum.

Talið er að á Mekong-svæðinu megi ala um 2 milljónir tonna af pangasius árlega. Í grein Seafood-Source segir að það skjóti skökku við að í heimi sem vanti meira fiskmeti skuli ekki vera unnt að framleiða meira en 1 milljón tonna af pangasius í Víetnam.

» kjartan@fiskifrattir.is

Skráning á www.sjavarutvegsradstefnan.is

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Hilton Reykjavík Nordica
19. – 20. nóvember

Fimmtudagurinn 19. nóvember

Afhending gagna 09:00

Málstofa - sameiginleg

Íslenskur sjávarútvegur

Málstofa A1 - Salur A

Lengi býr að fyrstu gerð - Frá veiðum til vinnslu

Málstofa B1 - Salur B

Ný nálgun við markaðssetningu sjávarafurða

Málstofa A2 - Salur A

Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi?

Málstofa B2 - Salur B

Eru tækifæri fyrir Íslendinga í umhverfismálum?

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015

Föstudagurinn 20. nóvember

Málstofa A3 - Salur A

Togveiðar – Áskoranir til framtíðar

Málstofa B3 - Salur B

Sjávarútvegur og samfélagsábyrgð

Málstofa A4 - Salur A

Ferskfiskflutningar markaðir

Málstofa B4 - Salur B

Af hverju eru ekki fleiri og konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?

Málstofa - sameiginleg

Sameiginleg markaðssetning

Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar klukkan 15:30



Meðallaun

Stálskip hæst

Útgerðarfyrirtækið Stálskip í Hafnarfirði greiddi að venju hæstu meðallaun allra þeirra fyrirtækja á landinu, sem tóku þátt í árlegri könnun tímaritsins Frjálsrar verslunar. Sem kunnugt er seldu Stálskip bæði skip sitt og kvóta í upphafi síðasta árs og voru ársverk aðeins þrjú árið 2014 samanborið við 30 árið á undan. Meðalárslaunin hjá Stálskipum voru rúmlega 21 milljón króna eða 1.756 þúsund á mánuði.

Sú var tíðin að útgerðarfélög röðuðu sér í allflest efstu sætin á lista Frjálsrar verslunar yfir hæstu meðallaunin í landinu en það breyttist snarlega með bólunni miklu þegar fjármálafyrirtæki keyrðu fram úr öllum öðrum í launagreiðslum. Frá hruni hefur þetta að einhverju leyti snúist við á ný því fimm af tíu greiðendum hæstra meðallauna á landinu árið 2014 voru sjávarútvegsfyrirtæki.

Til athugunar

Rétt er að taka fram að listinn yfir hæstu meðallaunin hjá sjávarútvegsfyrirtækjum miðast við ársverk og endurspeglar t.d. ekki alltaf raunveruleg laun einstakra skipverja (þar sem um hreina útgerð er að ræða) nema þeir fari í allar veiðiferðirnar. Þá verður einnig að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi því skráning á hann er undir því komin að fyrirtækin sjálf vilji gefa upplýsingar. Auk þess má nefna að minnstu útgerðirnar eru ekki með í þessari úttekt, en hjá ýmsum þeirra kunna að finnast launatölur sem ættu heima á listanum yfir hæstu meðallaunin í sjávarútvegi.

» gudjon@fiskifrattir.is



Togveiðar. MYND/ÞB

Hæstu meðallaun sjávarútvegsfyrirtækja 2014

(Samkvæmt útr. Frjálsrar verslunar)

Fyrirtæki	Meðalárslaun (í þús.)	Meðallaun á mánuði	Ársverk	Bein laun (í millj.)
1. Stálskip ehf.	21.067	1.756	3	63
2. Brim hf.	19.296	1.608	142	2.740
3. Bergur-Huginn ehf.	16.839	1.403	31	522
4. Gjögur hf.	16.316	1.360	90	1.468
5. Eskja hf.	15.714	1.310	104	1.639
6. Frár ehf.	12.944	1.083	9	117
7. Rammi hf	12.407	1.034	194	2.407
8. FISK Seafood hf.	12.005	1.000	210	2.521
9. Síldarvinnslan hf.	11.472	956	288	3.304
10. Bergur ehf.	10.888	907	14	152
11. Hvalur hf.	10.812	901	81	876
12. Samherji hf.	10.714	893	1.207	12.932
13. Hraðfr.húsið - Gunnvör	10.550	897	144	1.519
14. Þorbjörn hf.	10.416	868	279	2.906
15. Skinny - Þinganes	9.916	826	247	2.449
16. Ísfélag Vestm.eyja	9.808	817	250	2.452
17. Stofniskur hf.	9.402	783	40	376
18. HB Grandi hf.	8.772	731	920	8.070
19. Fiskkaup hf.	8.700	725	63	548
20. Vinnslustöðin hf.	7.956	663	325	2.586
21. Oddi hf. - Patreksfirði	7.619	635	69	526
22. Guðmundur Runólfsson	7.446	621	83	618
23. Fiskmark. Vestm.eyja	7.254	605	4	29
24. Loðnuvinnslan hf.	7.194	600	175	1.259
25. Einhamar Seafood	6.338	528	50	317



Vilhelm Þorsteinsson EA, skip Samherja, á loðnuveiðum úti af Eystrahorni.

MYND/ÓLAFUR ÓSKAR STEFÁNSSON

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin árið 2014

Samherji í sérflokkki

Þótt Samherji sé ekki kvóta-hæsta útgerðin á Íslandi (HB Grandi er það) ber fyrirtækið höfuð og herðar yfir önnur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þegar kemur að veltu. Það stafar sem kunnugt er af umsvifum Samherja á erlendri grund auk starfseminnar hér heima. Velta Samherja nam yfir 74 milljörðum króna á árinu 2014 og sjást yfirburðir hans best á því að næststærsta ís-

lenska sjávarútvegsfyrirtækið, HB Grandi, velti „aðeins“ 33 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í nýbirtri úttekt tímaritsins Frjálsrar verslunar. Velta Samherja var ennþá meiri í íslenskum krónum árið 2013 eða rúmlega 89 milljarðar króna. Þá var hagnaður eftir skatta tæplega 22 milljarðar en á síðasta ári var hann rúmlega 11 milljarðar.

Velta HB Granda var tæplega 32 milljarðar á síðasta ári eða einum og hálfum milljarði minni en árið á undan.

Þriðja til fimmta sæti

Síldarvinnslan var svo þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á árinu 2014 með rúmlega 21 milljarð í veltu samanborið við tæpa 24 milljarða árið á undan.

300 stærstu

Meðfylgjandi upplýsingar eru fengnar úr bókinni „300 stærstu“ sem tímaritið Frjáls verslun gefur út árlega. Þar er að finna mjög nákvæmar rekstrarupplýsingar um yfir 500 stærstu fyrirtæki landsins, sveitarfélög og lífeyrissjóði.



Hagnaður hennar eftir skatta var liðlega 6 milljarðar í fyrra samanborið við 5,6 milljarða árið 2013. Ísfélag Vestmannaeyja og Vinnslustöðin í Eyjum koma svo í fjórða og fimmta sæti með 11-12 milljarða í veltu hvort fyrirtæki.

Því má bæta við að Samherji

er langstærsti launagreiðandinn af sjávarútvegsfyrirtækjunum með tæpa 13 milljarða króna. HB Grandi borgaði 8 milljarða í laun, Síldarvinnslan 3,3 milljarða og Ísfélagið og Vinnslustöðin kringum tvo og hálfan milljarð hvort um sig.

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin 2014

(Samkvæmt úttekt Frjálsrar verslunar)

Fyrirtæki	Velta í millj. króna	%breyting frá f.ári	Hagn.e. skatta	Ársverk	Bein laun í millj.	Meðallaun í þús
1. Samherji hf.	78.390	-12	11.227	1.207	12.932	10.714
2. HB Grandi hf.	33.189	5	5.609	920	8.070	8.772
3. Síldarvinnslan hf.	21.415	-9	6.037	288	3.304	11.472
4. Ísfélag Vestm.eyja	12.379	-21	2.899	250	2.452	9.808
5. Vinnslustöðin hf.	11.686	-24	1.118	325	2.586	7.956
6. FISK Seafood hf.	9.883	10	1.888	210	2.521	12.005
7. Skinny - Þinganes	9.874	-9	1.800	247	2.449	9.916
8. Visir hf.	8.753	20		300		
9. Brim hf.	8.033	-9	-2.511	142	2.740	19.296
10. Þorbjörn hf.	7.919	-18	591	279	2.906	10.416
11. Rammi hf.	7.685	4	1.331	194	2.407	12.407
12. Nesfiskur. fiskverkun	7.096			256		
13. Eskja hf.	6.980	-26	966	104	1.639	15.714
14. Frostfiskur ehf.	5.988	7		169	998	5.905
15. Loðnuvinnslan hf.	5.823	25	1.001	175	1.259	7.194
16. Agustson ehf.	5.632	4		131	719	5.485
17. Gjögur hf.	4.647	-3	1.472	90	1.468	16.316
18. Hraðfr.húsið - Gunnvör	4.605	-9	345	144	1.519	10.550
19. Hvalur hf.	4.287	27	3.056	81	876	10.812
20. Jakob Valgeir ehf.	2.615		330	83	595	7.169
21. Fiskkaup hf.	2.331	7	377	63	548	8.700
22. Hraðfr.hús Hellissands	2.318	10		80	557	6.958
23. Stakkavík - Tölur frá 2013	2.299	0	347	118	571	4.839
24. Einhamar Seafood ehf.	2.175	-10	16	50	317	6.338
25. Bergur-Huginn ehf.	1.888	-4	194	31	522	16.839
26. Oddi hf. - Patreksfirði	1.791	-1	223	69	526	7.619
27. Toppfiskur - Tölur frá 2013	1.732	-30	-537			
28. Soffíanías Cecilsson	1.607		3.405	60		
29. Guðmundur Runólfsson hf.	1.533	7	145	83	618	7.446
30. Stofniskur hf.	1.528	26	124	40	376	9.402

Miklar sveiflur í útflutningsverðmæti

Öflugt samband milli afla og verðmætis

Árið 2014 skilaði hvert kíló af þorski að meðaltali 381 kr./kg í útflutningstekjur og er það 6% hækkun frá 2013, þegar tekjurnar á þessum árum eru bornar saman á föstu gengi. Ef útflutningur fyrstu 9 mánuði ársins er skoðaður má gera ráð fyrir því að meðalverð fari yfir 400 kr./kg í ár. Þetta er góð þróun, en ef lítið er til síðustu 15 ára hafa verið miklar sveiflur og löng tímabil með fallandi meðalverði. Í greininni skoða ég sveiflur í verði á þorski og ýsu frá árinu 2000.

Miklar sveiflur í verðmæti á hvert kíló af þorski

Mynd 1 sýnir þann afla þorsks sem hefur verið til ráðstöfunar frá 2000-2014 og hver útflutningsverðmæti hafa verið á hvert kg fyrir sama tíma, reiknað á föstu gengi 2014 (1). Þannig sjáum við hvort greinin hefur skilað auknum tekjum á hvert veitt kg. Þróunin frá 2000 hefur verið sveiflukennnd. Verðmæti jukust stöðugt frá 2000 til 2007, eða úr 318 kr./kg árið 2000 í 489 kr./kg árið 2007. Á tveimur næstu árum féll meðalverð í 366 kr./kg en síðan 2009 hefur verð verið á milli 360-400 kr./kg og eins og áður segir var verðið 381 kr./kg í fyrra.

Einstök tímabil

Það er áhugavert að skoða einstök tímabil og bera saman breytingar í afla og verði. Frá 2000-2003 féll afli þorsks úr 242.000 í 208.000 tonn en á sama tíma fór verðmæti aflans úr 318 kr./kg í 359 kr./kg. Frá 2011-2013 jókst afli úr 188.000 í 239.000 tonn en þá féll verðið úr 396 í 359 kr./kg. Þetta gefur til kynna að það sé öflugt samband á milli afla og verðmætis, þannig að með meiri afla eru gerð minni verðmæti úr hverju kíló og þegar afli dregst saman, þá fást meiri verðmæti.

Tvö dæmi

Hvað segir útflutningsverð á hvert kíló okkur? Tökum tvö dæmi. Meðalverð landaðs afla í fyrra var 223 kr./kg, sem þýðir að 59% af meðalverði útflutnings fóru til útgerðarinnar og því 158 kr./kg eða 41% eftir fyrir vinnsluna og annan innlendan kostnað. Meðalverð á óslægðum þorski á uppboðsmörkuðum var 330 kr./kg í fyrra. Ef allar vinnslur hafa keypt hráefni sitt á uppboðsmörkuðum hefðu þær að meðaltali eingöngu haft 51 kr./kg til að standa undir öllum öðrum kostnaði.

SKOÐUN



Kristján Hjaltason

“

Þetta gefur til kynna að með meiri afla séu gerð minni verðmæti úr hverju kíló og þegar afli dregst saman fáist meiri verðmæti.


Mikil aukning í verðmæti ýsu á meðan afli hefur minnkað mikið

Í fyrra skilaði hvert kg af ýsu að meðaltali 367 kr./kg í útflutningstekjur sem var 13% hækkun frá 2013. Miðað við útflutning fyrstu 9 mánuði ársins stefnir í að hvert kíló skili svipuðu verðmæti og 2014.

Það hafa verið ótrúlegar sveiflur í afla frá 2000 og til síðasta árs. Frá 2000-2007 fór afli úr 40.000 í 108.000 tonn en síðan hefur hann fallið stöðugt og var 36.000 tonn á síðasta ári. Slíkar sveiflur eru eðlilega slæmar fyrir útgerðina en sérstaklega þó fyrir vinnsluna. Þegar afli rúmlega tvöfaldaðist á fimm árum var ekki afkastageta til að vinna allt í verðmætar afurðir og mikla magn var selt óunnið úr landi. Það hefði verið skynsamlegra að dreifa kvótanum yfir lengra tímabil.

Afli & útflutningsverð þorsks


– frá aldamótum á föstu gengi 2014



Þorskur – Útflutningsverð á kg á föstu gengi og afli til ráðstöfunar 2000-2014. Afli til ráðstöfunar er heildarveiði, eldi og innflutt hráefni. Útflutningsverð á kg er verðmæti alls útflutnings á þorski, reiknað í kr./kg af afla á föstu gengi miðað við vísitölu meðalgengis.

Afli & útflutningsverð ýsu

– frá aldamótum á föstu gengi 2014



Ýsa – Útflutningsverð á kg á föstu gengi og afli til ráðstöfunar 2000-2014. Afli til ráðstöfunar er heildarveiði, eldi og innflutt hráefni. Útflutningsverð á kg er verðmæti alls útflutnings á ýsu, reiknað í kr./kg af afla á föstu gengi miðað við vísitölu meðalgengis.

Forsendur útreikninga á útflutningsverði á kg

» Þeir útreikningar sem hér eru kynntir byggja á útflutningstölum Hagstofunnar en höfundur hefur flokkað aðrar afurðir á réttar tegundir til að ná sem næst öllum verðmætum hverrar tegundar. Niðurlagning er líka tekin með, en líklegt er að fyrir t.d. þorski séu verðmætin frekar vanmetin. Ekki er tekið tillit til mögulegra birgðabreytinga, sem geta skekkt tölur milli ára og verðmæti er leiðrétt fyrir gengisbreytingum en ekki er tekið tillit til erlendra verðbólgu. Heildarafli er afli íslenskra skipa á öllum miðum auk innflutts hráfnis og framboðs úr eldi.

Ótrúleg þróun

Þróun í meðalverði á hvert kg frá 2003 er í reynd ótrúleg, það fór úr 196 í 367 kr./kg á síðasta ári sem er næstum tvöföldun. Þetta er mjög góður árangur. Aftur sjáum við svipað samband á milli afla og verðmætis og við sjáum hjá þorski. Á meðan afli féll úr 81.000 tonnum 2009 í 36.000 tonn í fyrra, hefur verð hækkað úr 228 í 367 kr./kg á þessu tímabili. Minni afli þýðir hærri verð á kg, það er gott mál en þarf verð á kg að lækka ef afli skyldi aukast á ný?

Lítum á útflutningsverð ýsu á sama hátt og fyrir þorski. Meðalverð landaðs afla í fyrra var 289 kr./kg, það þýðir að 79% af meðalverði útflutnings fóru til útgerðarinnar og því eingöngu 78 kr./kg eða 21% eftir fyrir vinnsluna og annan innlendan kostnað. Meðalverð á óslægðum þorski á uppboðsmörkuðum var 345 kr./kg í fyrra. Ef allar vinnslur hafa keypt hráefni sitt á uppboðsmörkuðum hefðu þær að meðaltali eingöngu haft 22 kr./kg til að standa undir öllum öðrum kostnaði.

Hvað skal gera?

Það skiptir sjávarútveginn miklu máli hvað hvert kíló af veiddum fiski skilar í útflutningstekjur. Stefna sjávarútvegsins hlýtur að snúast um að auka tekjur af hverju veiddu kíló svo meira sé til skiptanna. Það er jafnan æskilegt að halda fengnum hlut, líka háum verðum eins og við sjáum nú í þorski á mörgum mörkuðum. Til þess þarf langtímahugsun á mikilvægustu mörkuðum og stöðuga þróun í samstarfi við núverandi eða nýja kaupendur, það næst aðeins ef útgerð, vinnsla og sölufyrirtæki vinna saman. Það þarf einnig að halda áfram að vinna verðmæti úr öllum afla. Á Sjávarútvegsráðstefnunni í næstu viku verður tækifæri til að fara dýpra í þessi og fleiri mál, sjávarútveginum til framdráttar.

Höfundur starfar við markaðs- og sölumál hjá Ocean Trawlers Europe.



Á Sjávarútvegsráðstefnunni 19.-20. nóvember verður fjallað um fjölmörg mikilvæg mál efni greinarinnar og leiðir til að auka verðmæti afurða.

Sjómenn, sendið myndir í Fiskifréttir!

gudjon@fiskifrettir.is



Vænir þorskar sem fengust í netin á Erling KE.

MYND/KRISTINN BENEDIKTSSON

Mikil umskipti hafa orðið í þyngd þorsks í veiði íslenskra skipa

Meðalþyngd með því hæsta sem þekkist

Á síðustu árum hefur meðalþyngd á þorski í afla aukist og er með því mesta sem þekkist. Ýmsir þættir ráða þyngd í afla en miklu máli skiptir að þorskurinn sem veiðist er nú einu og hálfri ári eldri að meðaltali en var í veiðinni á árinu 1991.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Meðalþyngd þorsks í afla íslenskra fiskiskipa hefur sveiflast töluvert síðustu áratuginna, frá tæpum þrem kílóm í tæp fjögur kíló. Á undanförunum árum hefur þorskurinn verið í uppsveiflu og meðalþyngd nú nálgað það sem mest hefur orðið síðustu 60 árin eða svo. Hér á eftir verður skoðað samspil meðalaldurs og meðalþyngdar þorsks á árunum 1955 til 2014.



Einar
Hjörleifsson.

Mismunandi skýringar

Nokkrir mismunandi þættir ráða þeim sveiflum sem verða í meðalþyngd fisks í afla skipa, samkvæmt upplýsingum sem Fiskifréttir fengu hjá Einar Hjörleifssyni, fiskifræðingi hjá Hafnarsóknastofnun. Hann gat þess að almennt mætti segja að breytingar í meðalþyngd og meðalaldri héldust nokkuð í hendur. Samspil þyngdar og aldurs þorsks í afla má sjá á meðfylgjandi skýringarmynd.

„Í fyrsta lagi má nefna almennt að til skamms tíma getur árgangastærð haft áhrif á sveiflu á meðalþyngd í afla. Þegar stórir árgangar koma inn í veiðina verður hlutfallslega meira af yngri fiski í afla og þar með lækkar meðalþyngd. Ef smáir árgangar koma inn í veiðina þá verður herra hlutfall af eldri og þyngri fiski í afla og meðalþyngd eykst þar af leiðandi. Í öðru lagi ræðst meðalþyngd í heildarafla til lengri tíma litlið að mestu af veiðihlutfallinu. Þegar veiðihlutfall er hátt er ungur fiskur uppistaðan í aflanum og meðalþyngd lækkar. Dæmið snýst við ef veiðihlutfallið er lágt. Þá ber meira á eldri fiski í aflanum og meðalþyngdin eykst.

Í þriðja lagi ráða skilyrði í sjónum þyngd og vaxtarhraða þorsks sem endurspeglast í breytilegri meðalþyngd eftir aldri,“ sagði Einar.

Svarta skýrslan og sögulegt lágmark


Meðalþyngd á þorski fór hæst í 3,9 kíló árið 1958 á því tímabili sem hér er til skoðunar. Ástæðu þess má að hluta til rekja til mjög stórs árgangs frá 1945 sem að hluta kom frá Grænlandi sem kynþroska fiskur. Smám saman lækkaði meðalþyngd í afla og náði sögulegu lágmarki á árunum 1971 til 1976. Á þeim árum var meðalþyngd um 2,7 kíló þrjú ár í röð. „Þetta var á svipuðum tíma og svarta skýrslan var gefin út. Menn töldu þá að allt of hart hefði verið gengið fram í veiðunum. Þegar svona stíft er sótt verður aðeins smái fiskurinn eftir,“ sagði Einar.

Uppsveifla með Grænlandsþorski

Eftir þetta verður mikil uppsveifla sem nær hámarki um og eftir 1980. Meðalþyngdin fór í 3,7 kíló árið 1981. „Þessa uppsveiflu má skýra með því að 1973

Þorskur, meðalaldur og meðalþyngd

– 1955 til 2014



árgangur þorsks kom inn í veiðina frá Grænlandi sem átta ára gamall fiskur. Meðalþyngdin hækkaði þess vegna tímabundið en fór síðan niður í sama farið aftur,“ sagði Einar.

Í lágmarki í upphafi 10. áratugarins

Fram kom hjá Einari að meðalþyngd á þorski í upphafi 10.

áratugar síðustu aldar hefði verið lág í sögulegu samhengi, eða um 2,7 kíló að meðaltali, að mestu vegna mikillar sóknar. Meðalþyngd í afla hækkaði fram til 1998 að hluta til vegna þess að árgangar sem komu inn í veiðina frá 1990 voru margir hverjir mjög slakir. Veiðin byggðist því í æ ríkari mæli á eldri fiski. Einnig lækkaði veiðihlutfall á þessum

66

Lækkun á fiskveiðidauða síðustu 10 árin skilar sér þannig í því að við erum að veiða fiskinn 1 til 1,5 aldursári seinna og því hækkar meðalþyngd í afla.

árum sem hækkar meðalþyngd eins og að framan greinir.

Áhugaverð þróun síðustu 10 árin

Í upphafi þessarar aldar lækk- aði meðalþyngd þorsks í afla á ný. Einar sagði að þá hefðu komið inn í veiðina fjórir meðalstórir þorskárgangar, 1997 til 2000 árgangarnir. Aukin nýliðun í veiðinni leiddi af sjálfu sér til lækkandi meðalþyngdar. „Þróunin frá árinu 2004 er síðan mjög áhuga- verð. Við sjáum að meðalþyngd frá þeim tíma hefur hækkað úr tæpum 3 kílóum og upp í tæp 3,8 kíló árið 2014 sem er mikil aukning. Að stórum hluta má skýra það með lækkun á veiði- hlutfalli samfara breyttri afla- reglu þar sem viðmiðunarhlut- fallið var lækkað úr 25% í 20%. Lækkun á fiskveiðidauða síðustu 10 árin skilar sér þannig í því að við erum að veiða fiskinn 1 til 1,5 aldursári seinna og því hækkar meðalþyngd í afla,“ sagði Einar.

Hærri meðalþyngd eftir aldri

„Auk þess má nefna það að með- alþyngd eftir aldri hefur hækkað mikið frá árinu 2008. Á árunum 2005 til 2008 var meðalþyngd þorsks eftir aldri í sögulegu lág- marki. Þyngd eftir aldri hefur aukist frá þeim tíma um 20% og er nú nálægt langtímadealtali. Þannig má segja að aukna meðal- þyngd á þorski seinni árin megi bæði rekja til lækkunar á veiði- dauða og aukins vaxtarhraða,“ sagði Einar. Hann bætti því við að sveiflur í meðalþyngd þorsks eftir aldri væru fremur litlar miðað við það sem þekktist í öð- rum þorskstofnum. Á tímabilinu 1975-2014 er hæsta meðalþyngd eftir aldri um 35% meiri en sú lægsta sem svarar til eins árs vaxtar hjá 4-8 ára fiski. Helsta skýringin á þessum breytileika er framboð á aðalfæðutegund þorsksins, loðnunni, en fleiri þættir skipti máli.

Misjöfn meðalþyngd eftir veiðarfærum

Meðalþyngd á þorski er mjög misjöfn eftir veiðarfærum sem kunnugt er. Stærsti fiskurinn veiðist jafnan í netin en drag- nótin kemur þar á eftir sem sjá má í meðfylgjandi skýring- armynd. Þyngdin er nokkuð



Þorskur í trolli.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

svipuð á línufiski og fiski sem veiðist í botntroll. Þar sem megnið af þorskaflanum er veitt á línu eða í troll liggur meðal- þyngdin í heild nokkuð nálægt meðalþyngd á afla í þessi tvö veiðarfæri.

„Töluverður munur er á meðal- þyngd í veiðum stórra og lítilla línubáta en stóru bátarnir eru að meðaltali að veiða stærri fisk. Há meðalþyngd eftir aldri á árunum


2012-2014 er einnig athyglisverð í ljósi þess að hlutdeild neta sem veiða stærsta þorskin er aðeins um 9% en var nærri 30 um 1980,“ sagði Einar.

Sami fjöldi fiska, 45% meiri affli
Þess má geta að í talnagögnum Hafrannsóknastofnunar kemur fram að árið 1991 veiddust um 55 þúsund tonn af þorski á línu. Á bak við þann afla eru tæplega

23 milljónir þorska. Árið 2014 veiddust tæp 79 þúsund tonn af þorski á línu, um 45% meiri affli en 1991, en á bak við þann afla er nákvæmlega sami fjöldi fiska, eða tæp 23 milljónir einstakl- inga. Einar sagði að þorskarnir sem voru veiddir 2014 hefðu verið að meðaltali 1,5 árum eldri en 1991, þ.e. þeir væru að öllu jöfnu um það bil 30% færri miðað við 20% náttúrulegan dauða.

Meðalþyngd þorskafila

– eftir veiðarfærum



■ Perú

Heimilt að veiða 1,1 milljón tonna af ansjósu

Ráðuneyti sjávarútvegsmála í Perú hefur ákveðið að heimila ansjósuveiðar á haust- og vetrar- vertíð. Veiðarnar mega hefjast 17. nóvember og er heildaraflamark um 1,1 milljón tonna. Veiði- tímabilið er til loka janúar 2016. Þetta kemur fram á vef Under- current News.

Ákvörðun um aflamark var tekin eftir að mælingar á ansjósustofninum fóru fram. Talið er að lífmassi ansjósunnar sé um 6 milljónir tonna.

Beðið var eftir þessari ákvörð- un með mikilli eftirvæntingu en um tíma óttuðust menn að ver- tíðin yrði slegin af líkt og gerð- ist síðastliðið haust. Þá voru eng- ar veiðar leyfðar vegna áhrifa veðurfyrirbærisins El Nino á ný- liðun í ansjósustofninum.

Meira en 10 þúsund sjómenn byggja afkomu sína á ansjósu- veiðum í Perú.



Ansjósa.

**Veiðarfæri
eru
okkar fag**



MAGNET
G·R·Á·T·T

Létt í drætti

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Skarfagörðum 4, 104 Reykjavík Sími: 530 3300

Veidigjöldin nema 7,7 milljörðum

Fimm hæstu greiða helminginn

Eins og við er að búast dreifast veiðigjöldin á tiltölulega fá útgerðarfélög og fáa staði. Fimm hæstu fyrirtækin greiða tæpan helming gjaldanna og tvö hæstu bæjarfélög eru með um 40% gjaldanna.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Fiskistofa hefur lokið álagningu veiðigjalda vegna fiskveiðiársins 2014/2015. Heildarfjárhæð almenns og sérstaks veiðigjalds vegna úthlutaðra veiðiheimilda og afla utan aflamarks nemur 7,7 milljörðum króna samanborið við 9,2 milljarða á fiskveiðiárinu þar á undan. Í báðum tilvikum er tekið tillit til lækkunar á sérstöku veiðigjaldi.

Álagningin í ár skiptist þannig að 4,6 milljarðar eru lagðir á sem almennt veiðigjald, sérstakt veiðigjald er 4 milljarðar og lækkun á sérstöku veiðigjaldi nemur 900 milljónum.

Sérstakt veiðigjald lækkar


Almennt veiðigjald nam svipaðri upphæð bæði fiskveiðiárin 2013/2014 og 2014/2015, eða 4,4 til 4,6 milljörðum króna. Helstu skýringarnar á lækkun veiðigjalda í heild milli ára eru samkvæmt Fiskistofu þær að nú er um milljarði minna lagt á í sérstök veiðigjöld vegna uppsjávarveiða og sömuleiðis er álagningin milljarði lægri vegna botn- og skelfiskveiða. Á móti kemur að heldur minni lækkun gjalda er í ár en í fyrra. Lækkun sérstaks veiðigjalds var í fyrra 1,4 milljarðar en er 900 milljónir í ár eins og áður segir.

Breytingar á reglum

Veiðigjöld eru lögð á úthlutað aflamark og landaðan afla sem ekki tilheyrir kvótagundum. Reglur um álagninguna hafa breyst. Um var að ræða ákveðna

Veiðigjöld 2014/2015

– hlutdeild eftir tegundum



Venus NS hið nýja uppsjávarskip HB Granda.

MYND/VIÐAR SIGURÐSSON

krónutölu á hvert þorskígildiskíló vegna fiskveiðiársins 2013/2014 en tiltekna krónutölu á hvert kíló fisks, mismunandi eftir hverri fisktegund, vegna fiskveiðiársins 2014/2015. Svipað fyrirkomulag gildir fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 en þá verður einvörðungu um eitt veiðigjald að ræða sem er lagt á landaðan afla en ekki á aflamark.

Tíu hæstu fyrirtæki með 66%

Alls eru það 1.152 einstaklingar og fyrirtæki sem fengu álögð

veiðigjöld á síðasta fiskveiðiári. HB Grandi greiðir hæstu veiðigjöldin eða um 1,1 milljarð samtals, sem er um 14% af heildinni. Síldarvinnslan kemur þar á eftir með um 730 milljónir og Ísfélag Vestmannaeyja er í þriðja sæti með 680 milljónir. Meðfylgjandi er listi yfir 25 hæstu greiðendur veiðigjalda fiskveiðiárið 2014/2015. Þeir greiða samtals tæpa 6,5 milljarða eða um 84% af heildinni. Tíu hæstu greiðendur erum með um 5,1 milljarð og 66% af heildinni og fimm hæstu eru með rúma 3,6 milljarða og um 47% af heildinni.

Þrír staðir með helming

Veiðigjöldin dreifast misjafnt eftir einstökum stöðum eða bæjarfélögum á landinu. Sjávarútvegsfyrirtæki í Reykjavík greiða hæstu gjöldin, samtals tæpa 1,6 milljarða króna. Fyrirtæki í Vestmannaeyjum koma þar á eftir með tæpa 1,5 milljarða og Akureyri er í þriðja sæti með 780 milljónir. Athygli vekur að sjávarútvegurinn á tveimur hæstu stöðunum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum, er með um 40% af öllum veiðigjöldunum. Ef Akureyri er bætt við þá eru þessir þrír staðir með helming allra veiðigjaldanna.

HB Grandi greiðir hæstu veiðigjöldin eða um 1,1 milljarð samtals, sem er um 14% af heildinni.

Veiðigjöld eftir útgerðarflokkum 2014/2015

Útgerðarflokkur	Almennt	Sérstakt	Lækkun	Samtals
Skip með aflamark	2.185.731	2.408.827	-412.546	4.182.012
Skuttogari	1.733.652	1.309.959	-301.326	2.742.285
Krókaaflamarksbátur	449.602	187.566	-137.543	499.625
Núllflokkur	52.995	75.385	-3.993	124.387
Smábátur með aflamark	63.050	22.067	-8.065	77.053
Strandveiðar	62.718	1.655	-290	64.083
Frístundav. - krókaaflamark	1.418	159	0	1.576
Eingöngu grásleppuleyfi	48	0	0	48
Samtals	4.549.213	4.005.620	-863.763	7.691.070

Mest lagt á skip með aflamark

Veiðigjöldin dreifast einnig misjafnlega eftir útgerðarflokkum í samræmi við kvótastöðu. Skip með aflamark standa undir álagningu upp á tæpa 4,2 milljarða króna, um 54% af heild. Vegna skuttogara eru lagðir á um 2,7 milljarðar, um 35% af heild, og krókaaflamarksbátar eru með um 500 milljónir, tæp 7% af heild. Meðfylgjandi er tafla sem sýnir álagningu eftir útgerðarflokkum þar sem fram kemur skipting milli almenna gjaldsins og sérstaka gjaldsins og hver lækkun hjá hverjum og einum flokki er. Lækkun hjá krókaaflamarksbátum er tiltölulega há, eða um 73% af sérstaka gjaldinu.

Veiðigjöld eftir fyrirtækjum 2014/2015

Röð	Fyrirtæki	Samtals
1.	HB Grandi hf.	1.098
2.	Síldarvinnslan hf.	729
3.	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	680
4.	Samherji Ísland ehf.	635
5.	Vinnslustöðin hf.	505
6.	Skinney-Þinganes hf.	448
7.	Eskja hf.	397
8.	FISK-Seafood ehf.	240
9.	Brim hf.	191
10.	Gjögur hf.	181
11.	Þorbjörn hf.	174
12.	Loðnuvinnslan hf.	155
13.	Vísir hf.	135
14.	Huginn ehf.	134
15.	Rammi hf.	123
16.	Runólfur Hallfreðsson ehf.	122
17.	Hraðfrystih - Gunnvör hf.	95
18.	Nesfiskur ehf.	84
19.	Ögurvík hf.	66
20.	Útgerðarf. Akureyringa ehf.	66
21.	Jakob Valgeir ehf.	50
22.	Bergur-Huginn ehf.	49
23.	Polaris Seafood ehf.	39
24.	Stakkavík ehf.	39
25.	Guðmundur Runólfsson hf.	36
Samtalst 25 efstu		6.470

Þorskurinn er „skattakóngur“

Þorskurinn er sú fisktegund sem gefur mest af sér í veiðigjöld. Gjöldin sem voru lögð á fyrirtæki vegna aflaheimilda í þorski námu um 2,5 milljörðum sem er 29% af heildinni. Hér er ekki tekið tillit til lækkunar á sérstöku veiðigjaldi vegna þess að ekki er ljóst hvernig hún skiptist á einstakar tegundir. Loðnan kemur þar á eftir með um 1,4 milljarða eða tæp 17% af heildinni. Meðfylgjandi er kökurit yfir hlutdeild helstu fisktegunda í álögðum veiðigjöldum. Þar er að vísu miðað við álagningu fyrir lækkun, eins og áður segir, en það ætti ekki að breyta miklu um hlutfallslega skiptingu.

Veiðigjöld eftir stöðum 2014/2015

Röð	Staður	Samtals milljónir
1.	Reykjavík	1.597
2.	Vestmannaeyjar	1.499
3.	Akureyri	780
4.	Neskaupstaður	731
5.	Höfn	492
6.	Eskifjörður	398
7.	Grindavík	397
8.	Sauðárkrúkur	244
9.	Fáskrúðsfjörður	158
10.	Hellissandur	145
11.	Siglufjörður	143
12.	Akranes	138
13.	Hnífsdalur	96
14.	Garður	95
15.	Bolungarvík	82
16.	Grundarfjörður	71
17.	Ólafsvík	63
18.	Stykkishólmur	52
19.	Patreksfjörður	43
20.	Hafnarfjörður	41
21.	Keflavík	37
22.	Þorlákshöfn	33
23.	Húsavík	30
24.	Sandgerði	29
25.	Tálknafjörður	29
Samtals 25 efstu		7.421



Nýi báturinn í smíðum hjá Trefjum.

Bjarni Sigurðsson í Noregi

Með nýja útgerð og nýjan bát í smíðum

Bjarni Sigurðsson, einn stofnenda og eigenda Esköy-útgerðarinnar í Noregi, hefur sagt skilið við meðeigendur sína og stofnað nýtt útgerðarfélag, West Atlantic. Hann er að láta smíða fyrir sig nýjan bát hjá Trefjum í Hafnarfirði sem áætlað er að afhenda nú í desember. Báturinn miðast við að komast inn í kerfi smábáta sem eru innan við 11 metra á lengd.

Bjarni sagðist í samtali við Fiskifréttir reikna með að veiða um 1.000 tonna afla á bátinn á ári, þar af 600-700 tonn af ýsu, um 200 tonn af þorski og að auki tegundir eins og keilu og löngu. Stefnt væri að því að manna bátinn með tveimur áhöfnum og keyra hann árið um kring. Útgerðin er skráð í Tromsø en báturinn verður á talsverðu flakki milli löndunar-

staða eftir því hvar hagstæðast er að halda sig hverju sinni. Bjarni reiknar með að verða sjálfur skipstjóri á bátnum að hluta en sinna einnig útgerðinni í landi. Meðan hann bíður eftir afhendingu nýja bátsins hefur hann verið með minni bát á veiðum.

Í Fiskifréttum fyrir hálfum mánuði var vitnað í viðtal við Bjarna í norska blaðinu Kyst og Fjord þar sem sagt var frá því að Esköy útgerðin hefði vakið athygli í Noregi fyrir að hafa lagt bátum sínum, Sögu K og Ástu B, fyrstu fjóra mánuði ársins á hávertíðinni til að spara þorsk-kvótann svo hægt væri að nota hann sem meðafla á ýsuveiðum síðar á árinu. Á sama tíma hömuðust norskir sjómenn við að moka þorskinum upp. Þetta er rétt svo langt sem það nær, en lýsingin á við um árið 2014 því Fiskifréttum yfirsást að blaðið sem vitnað var í og fannst á netinu var eins árs gamalt. Er beðist velvirðingar á þessu.

» gudjon@fiskifrattir.is

Skoski uppsjávargeirinn

Vill skerða möguleika færeyskra skipa

Samtök fiskimanna og framleiðenda í skoskum uppsjávariðnaði hvetja bresku ríkisstjórnina og framkvæmdanefnd Evrópusambandsins til þess að skerða rétt Færeyinga til veiða á makríl og kolmunna í skoskri lögsögu nú þegar fyrir dyrum stendur að endurnýja fiskveiðisamning ESB ríkjanna og Færeyja sem gerður var árið 2014.

Færeyingar hafa nýtt sér nánast til fulls rétt sinn til veiða á makríl og kolmunna í skoskri lögsögu og nemur aflaverðmætið rösklega 8 milljörðum íslenskra

króna. Á sama tíma hafa bresk skip hafa ekki veitt einn einasta sporð af þessum tegundum í færeyskri lögsögu. Skoskir uppsjávarmenn halda því fram að Færeyingum gefist kostur á að veiða hágæðamakríl við Skotland sem sé mun verðmætari en sá sem veiðist við Færeyjar og síðan selji þeir hann inn á sömu markaði og Skotar sem að auki séu aðþrengdir vegna lokunar mikilvægra markaða í Rússlandi og Nígíríu.

Sjávarútvegsvefurinn FIS-Hupdate.com skýrir frá þessu.

Aflabrögðin í október

Góður veiðimánuður

GÍSLI REYNISSON

Október var mjög góður veiðimánuður. Aflinn var góður í svo til öll veiðarfæri nema hvað ufsaveiðin hjá netabátunum var mjög lítil. Fjölnir GK varð aflahæstur línubátanna og sá eini sem fór yfir 500 tonn. Athyglisvert er að sjá að Núpur BA var með 371 tonn og mest tæp 80 tonn í einum túr en það er fullfermi hjá honum. Aflaskipið Páll Jónsson GK féll úr leik um miðjan október eftir bilun.

Smábátar

Kristinn SH var hæstur smábátanna yfir 10 BT og Gísli Súrsson GK kom þar á eftir. Einungis þrír 15 tonna bátar eru á listanum, Steinunn HF, Særif SH og Dögg SU.

Björg Hauks ÍS var langhæst báta undir 10 BT með um 80 tonna afla. Bæði hún og Petra ÓF komu með fullfermistúra eða um 8 tonn hvor bátur í stærstu löndun sinni. Rán SH var hæst bátanna að 8 BT. Allir bátarnir á þessum lista voru á línu.

Dragnót og troll

Sem fyrr var góð dragnótaveiði hjá bátunum sem voru fyrir vestan en hún var líka góð hjá bátunum fyrir norðan. Þorleifur EA var t.d. með 117 tonn og Hafborg EA 82 tonn. Steinunn SH var frá veiðum hluta af október vegna bilunar.

Sem fyrr var mjög góð togveiði og var Kaldbakur EA hæstur en bæði hann og Málmey SK komust yfir 200 tonn í einni löndun hvor togari. Alls 12 togarar náðu yfir 500 tonninn, en auk togaranna sem nefndir eru á listanum var Þórunn Sveinsdóttir VE með 537 tonn og Ljósafell SU með 521 tonn. Bergey VE varð hæst trollbátanna.

Rækjuveiði og fleira

Rækjuveiði var æði lítil. Aðeins 10 skip hófu veiðar í byrjun október en þeim fækkaði síðan þegar leið á mánuðinn. Ísborg ÍS var hæst og frystitogarinn Eyborg ST kom þar á eftir.

Hannes Andrésson SH var við tilraunaveiðar á hörpuskel í Breiðafirðinum og gekk ansi vel. Landaði alls 130 tonninn í 22 róðrum og mest 7,8 tonn í róðri. Sæfari ÁR var með 78 tonn af sæbjúgum í 15 ferðum og Sandvíkingur ÁR með 40 tonn í 11 róðrum. Báðir lönduðu á Djúpavogi. Blíða SH veiddi 30 tonn af beitukóngi í 21 veiðiferð og Ebba AK var með 29,5 tonn í 7 ferðum. Fjöla SH fékk 48 tonn af ígulkerum í 23 róðrum.

Uppsjávarveiði

Vilhelm Þorsteinsson EA var hæstur uppsjávarskipanna með 4.132 tonn í 7 ferðum og voru



Þorski landað.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

3.997 tonn af því síld. Börkur NK var með 3.365 tonn í 5 ferðum og var kolmunni 3.173 tonn

af því. Aðalsteinn Jónsson var með SU 2.594 tonn í 5 ferðum og voru 2.014 tonn síld af því.

Aflahæstu skip og bátar í október 2015

(tonn m.v. afla upp úr sjó)

Trollbátar	Afli	Róðrar	Mest
1 Bergey VE	386,2	7	85,3
2 Vörður EA	343,3	5	72,7
3 Vestmannaey VE	327,6	6	69,7
4 Steinunn SF	320,6	5	74,1
5 Hringur SH	293,4	4	76,1
6 Vestri BA	252,1	8	45,9
7 Frostri ÞH	234,4	4	63,7
8 Áskell EA	231,9	4	65,9
9 Dala Rafn VE	220,8	3	78,3
10 Helgi SH	208,5	4	56,7

Dragnótabátar	Afli	Róðrar	Mest
1 Arnar ÁR	202,1	5	67,1
2 Hásteinn ÁR	187,2	10	44,3
3 Egill SH	141,8	9	28,7
4 Matthías SH	136,1	7	32,8
5 Rífsari SH	131,3	7	28,3
6 Benni Sæm GK	124,9	19	16,9
7 Sigurfari GK	121,0	12	18,8
8 Þorleifur EA	117,0	17	12,1
9 Egill ÍS	105,8	15	16,3
10 Steinunn SH	98,8	5	35,4
11 Esjar SH	90,7	7	17,8
12 Ásdís ÍS	89,3	10	16,1
13 Magnús SH	89,3	7	23,3
14 Örn GK	84,8	12	14,2
15 Hafborg EA	81,8	15	9,5

Smábátar yfir 10BT	Afli	Róðrar	Mest
1 Kristinn SH	217,1	24	12,2
2 Gísli Súrsson GK	213,0	23	15,7
3 Auður Vesteins SU	188,9	23	13,9
4 Óli á Stað GK	182,7	20	12,1
5 Bliðsey SH	157,6	27	10,5
6 Friða Dagmar ÍS	151,2	22	11,0
7 Jónína Brynja ÍS	150,6	22	12,0
8 Gullhólmi SH	149,1	12	19,2
9 Dögg SU	145,8	18	17,1
10 Dóri GK	132,5	18	14,7
11 Særif SH	128,5	21	9,0
12 Stakkhamar SH	121,6	15	13,3
13 Steinunn HF	117,6	18	11,5
14 Vigur SF	116,2	16	12,4
15 Hálfðán Einarsson ÍS	112,4	18	9,0

Smábátar undir 10BT	Afli	Róðrar	Mest
Berti G ÍS lína	44,5	16	4,8
Konráð EA færri	41,5	16	4,9
Birta Dís GK færri	28,0	10	3,9
Glaður SH grásleppa	27,3	12	3,2
Kiddi RE skötusel	25,7	14	3,2
Kári SH grásleppa	25,5	15	2,8
Mangi SH grásleppa	25,1	8	5,0
Sævar SF færri	24,5	12	4,8
Nonni ÞH færri	23,4	13	3,0
Stormur BA grásleppa	22,1	12	2,6
Sleipnir ÁR lína	21,8	10	3,6

Hanna SH færri	21,0	10	3,9
Húni BA grásleppa	20,8	8	3,9
Ella ÍS grásleppa	19,9	7	4,5
Toni EA færri	19,7	6	4,7

Ísfiskstogarar	Afli	Róðrar	Mest
1 Kaldbakur EA	834,6	5	201,3
2 Málmey SK	754,1	4	203,1
3 Sturl, H Böðvars, AK	693,8	5	157,6
4 Snæfell EA	683,7	4	176,2
5 Björgúlfur EA	673,5	5	147,8
6 Helga María AK	588,7	4	165,1
7 Klakkur SK	574,7	5	130,3
8 Ottó N Þorláksson RE	570,3	4	161,0
9 Ásbjörn RE	548,3	4	148,0
10 Björgvin EA	539,4	4	155,4

Netabátar	Afli	Róðrar	Mest
1 Grímsnes GK	65,5	11	13,3
2 Glófaxi VE	61,0	7	19,9
3 Steini Sigvalda GK	59,4	16	7,7
4 Sæþór EA	47,7	22	3,5
5 Ísak AK	40,0	24	6,7
6 Geir ÞH	38,0	5	20,3
7 Friðrik Sigurðsson ÁR	34,9	5	11,8
8 Hvanney SF	32,6	9	6,5
9 Katrín SH	27,1	8	4,7
10 Askur GK	24,7	13	5,1
11 Siggí afi HU	17,0	17	1,9
12 Hafnartindur SH	13,1	16	1,6
13 Maron GK	9,3	7	3,1
14 Bryndís KE	7,7	8	1,4
15 Máni II ÁR	6,6	6	2,0

Rækjubátar	Afli	Róðrar	Mest
1 Ísborg ÍS	69,2	5	22,3
2 Eyborg ST	60,4	2	36,1
3 Múlberg SI	49,9	4	18,3
4 Valbjörn ÍS	32,1	3	15,1
5 Sigurður SH	29,9	2	17,5
6 Farsæll SH	24,8	3	10,7
7 Röst SK	22,6	3	9,5
8 Nökkvi ÞH	12,7	2	7,8
9 Fónix ST	7,5	2	5,5
10 Dröfn RE	1,4	5	1,0

Línubátar	Afli	Róðrar	Mest
1 Fjölnir GK 6	515,2	6	91,7
2 Jóhanna Gíslad, GK	468,2	4	140,0
3 Kristín GK	448,3	5	92,2
4 Sighvatur GK	446,0	5	98,0
5 Tjaldur SH	440,8	6	84,7
6 Anna EA	411,3	4	132,4
7 Sturla GK	410,4	6	80,4
8 Tómas Þorvalds, GK	407,8	7	86,7
9 Krístrún RE	386,7	4	102,9
10 Núpur BA	370,6	7	78,9

Samantekt Gísli Reynisson; byggt á tölum Fiskistofu.

FISKMARKAÐIR

Allir markaðir*

Slægður fiskur = S/Óslægður = Ó

Teg	S/Ó	KG	KR/KG	Alls
Fiskegund	Ástand	Kg	Kr/Kg	Samtals
Blágóma	Slægt	9	0.00	0
Blálanga	Óslægt	147	203.39	29,899
Blálanga	Slægt	6,751	246.36	1,663,189
Bleikja	Slægt	10	950.00	9,500
Djúpkarfi	Óslægt	2,890	84.81	245,115
Flök/bleikja	..	190	1,547.63	294,050
Flök/bleikjaMeð roði	51	1,420.00		72,420
Flök/þorskur	..	5	628.00	3,140
Flök/ýsa	..	40	500.00	20,000
Gellur	..	155	960.50	148,878
Grálúða	Slægt	21,120	460.87	9,733,593
Grásleppa	Óslægt	24	25.00	600
Gullkarfi	Óslægt	85,987	237.96	20,461,735
Gullkarfi	Slægt	76	250.00	19,000
Háfur	Slægt	12	40.00	480
Hlýri	Óslægt	1,550	305.07	472,851
Hlýri	Slægt	31,087	344.11	10,697,434
Hvitaskata	Slægt	514	72.43	37,229
Keila	Óslægt	15,311	107.45	1,645,133
Keila	Slægt	17,700	157.41	2,786,075
Kinnar	..	10	500.00	5,000
Langa	Óslægt	38,167	215.28	8,216,458
Langa	Slægt	32,464	240.73	7,815,061
Langlúra	Óslægt	6,885	86.36	594,590
Langlúra	Slægt	225	70.28	15,812
Lax	Slægt	6,629	810.24	5,371,080
Lifur/skötuselur	..	1,791	373.26	668,510
Lifur/þorskur	..	66,057	139.68	9,227,115
Lifur/þorskur	Slægt	274	140.00	38,360
Lifur/ufsi	..	3,863	118.52	457,845
Lifur/ýmsar fiskt.	..	2,898	107.39	311,220
Lúða	Slægt	3,766	475.53	1,790,844
Lýr	Óslægt	1	0.00	0
Lýr	Slægt	38	51.71	1,965
Lýsa	Óslægt	1,716	88.09	151,170
Lýsa	Slægt	8,981	107.19	962,639
Mariuskata	Slægt	148	64.00	9,472
Náskata	Slægt	118	63.17	7,454
Sandkoli	Óslægt	2,232	42.22	94,234
Sandkoli	Slægt	6,718	60.02	403,200
Síld	Óslægt	85	700.00	59,500
Skarkoli	Slægt	104,946	194.00	20,359,821
Skata	Óslægt	178	171.46	30,519
Skata	Slægt	1,353	137.94	186,632
Skötuselur	Óslægt	166	495.84	82,309
Skötuselur	Slægt	31,824	647.61	20,609,426
Steinbítur	Óslægt	3,245	243.15	789,008
Steinbítur	Slægt	15,741	345.40	5,436,866
Stóra brosmæslægt	61	61.00		3,721
Stóra brosmæSlægt	302	72.70		21,954
Stórkjaftha	Slægt	4,755	249.61	1,186,900
Þorskhnakkar	..	35	779.00	27,265
Þorskur	Óslægt	539,513	294.61	158,947,107
Þorskur	Slægt	136,011	329.67	44,838,396
Þykkvalúra	Slægt	7,402	617.97	4,574,243
Tindaskata	Óslægt	28,868	21.89	631,938
Ufsi	Óslægt	16,058	200.09	3,213,119
Ufsi	Slægt	71,029	243.39	17,287,767
UndirmálsþorskurÓslægt	53,132	186.21		9,893,714
UndirmálsþorskurSlægt	33,579	207.27		6,960,072
UndirmálsýsaÓslægt	6,441	168.99		1,088,469
UndirmálsýsaSlægt	236	164.40		38,798
Ýsa	Óslægt	288,413	240.62	69,396,618
Ýsa	Slægt	102,507	245.48	25,163,026
Samtals:	1,812,490	262	475,309,538	

* Reiknistofa fiskmarkaða 4. nóvember - 10. nóvember



30 ár frá stofnun Granda

» Um þessar mundir fagnar HB Grandi 30 ára afmæli. Grandi hf. var stofnaður með sameiningu Ísbjarnarins og BÚR um miðjan nóvember árið 1985 og fyrsti starfsdagur Granda var mánudaginn 18. nóvember 1985. Húsvíkingurinn Hafliði Óskarsson var skipverji á skuttogaranum Áspóri RE 10 á upphafsárum Granda. Hann sendi Fiskifréttum meðfylgjandi mynd, sem tekin var 1986, og upplýsingar í tilefni afmælisins: „Grandaskipin tvö á myndinni, Áspór RE 10 t.v. og Hjörleifur RE 211, hér við bryggju, voru upphaflega frá sitt hvorri útgerðinni við sameininguna á sínum tíma, og höfðu jafnframt verið minnst skipa hvorrar útgerðar fyrir sig. Þorsteinn Einarsson var skipstjóri á Áspóri RE og Pétur Þorbjörnsson var skipstjóri á Hjörleifi RE. Þeir sóttu mikið í „góðfisk“ þ.e. í þorsk og ýsu. Aflatölur gáfu því ekki ætíð rétta mynd af sjálfu aflaverðmæti togaranna tveggja gagnvart öðrum skipum útgerðarinnar, sem „tonnuðu sig“ í karfa eða ufsa. Togarinn Hjörleifur RE var af gár-ungum í gríni kallaður „elliheimilið“ en um borð í skipinu voru gamlar kempur á dekki sem fylgt höfðu Pétri Þorbjörnssyni til fjölda ára. Togarar í eigu Bæjarútgerðar Reykjavíkur hf. voru þessir við sameiningu í Granda hf.: Hjörleifur RE 21, Jón Baldvinsson RE 208, Ottó N. Þorláksson RE 203, Snorri Sturluson RE 219. Togarar í eigu Ísbjarnarins hf. voru þessir við sameininguna: Ásbjörn RE 50, Ásgeir RE 60 og Áspór RE 10. Á þrjátíu ára stofnafmæli Granda hf. árið 2015 eru tveir af ofantöldum togurum enn í drift hjá útgerðinni, þeir Ásbjörn RE og Ottó N. Þorláksson RE.“

AFLABRÖGÐIN

[Vikan 1. - 7. nóvember]

Vestmannaeyjar

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Sighvatur Bj VE	553	Nót	Síld	1
Jón Vídalín VE	18*	Tro	Þorsk	1
Gullberg VE	80	Tro	Þorsk	1
Vestmannaey VE	39	Tro	Þorsk	1
Bergey VE	33	Tro	Þorsk	1
Frár VE	69*	Tro	Þorsk	1
Maggý VE	3	Dra	Ýsa	2
Drangavík VE	67*	Tro	Þorsk	1
Þórunn Svein VE	104	Tro	Þorsk	1
Heimaey VE	303	Tro	Síld	1
Sigurður VE	434	Tro	Síld	1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Blíða VE	1.8	Lín	Þorsk	1
----------	-----	-----	-------	---

Smábátaafli alls: 1.8

Samtals afli: 1704.8

Þorlákshöfn

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Arnar ÁR	26	Dra	Ýsa	1
Ársæll ÁR	12	Tro	Karfi	2
Fríðrik Sigu ÁR	16	Net	Ufsi	2
Jóhanna ÁR	8	Dra	Langl	1
Sigurfari GK	8	Dra	Þorsk	1
Hásteinn ÁR	23*	Dra	Ýsa	1
Reginn ÁR	9	Dra	Langl	2
Fróði II ÁR	12	Tro	Karfi	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Sæunn Sæmund ÁR 3.0	Lín	Langa	1
---------------------	-----	-------	---

Smábátaafli alls: 3.6

Samtals afli: 117.6

Grindavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Sighvatur GK	86	Lín	Þorsk	1
Kristín GK	79	Lín	Þorsk	1
Fjöl nir GK	82	Lín	Þorsk	1
Grímsnes GK	19	Net	Ufsi	1
Steini Sigva GK	27	Net	Ufsi	4
Askur GK	1	Net	Þorsk	2
Áskell EA	58	Tro	Þorsk	1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Hraunsvík GK	1.8	Skö	Skötu	1
Jón Pétur RE	0.7	Han	Ufsi	1

Smábátaafli alls: 2.5

Samtals afli: 354.5

Sandgerði

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Örn GK	13	Dra	Koli	1
Bryndís KE	2	Skö	Skötu	2
Benni Sæm GK	6	Dra	Langl	3
Siggi Bjarna GK	5	Dra	Langl	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Jón Ásbjörns RE	12.1	Lín	Þorsk	3
Sunna Líf KE	1.7	Skö	Skötu	2

Smábátaafli alls:40.2

Samtals afli:66.2

Keflavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hákon EA	269	Tro	Síld	1
Maron GK	8	Net	Þorsk	7
Arnþór GK	8	Dra	Sandk	2
Njáll RE	12	Dra	Koli	4

Smábátaafli alls: 0.0

Samtals afli: 297.0

Hafnarfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Vilhelm Þors EA	594	Tro	Síld	1

Smábátaafli alls: 0.0

Samtals afli: 594.0

Reykjavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hákon EA	680	Nót	Síld	1
Helga María AK	116	Tro	Karfi	1
Ottó N Þorlá RE	106	Tro	Karfi	1
Ásbjörn RE	105	Tro	Þorsk	1
Sturlaugur H AK	127	Tro	Þorsk	1
Ísberg ÍS	16	Tro	Rækja	1
Valbjörn ÍS	1	Tro	Rækja	1
Aðalbjörg RE	21	Dra	Þorsk	3
Þórir SF	16	Tro	Karfi	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Gísli KÓ	1.2	Lín	Þorsk	1
Fjóla GK	1.2	Þor	Grjót	2

Smábátaafli alls: 3.5

Samtals afli: 1191.5

Akranes

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Ísak AK	4.6	Net	Þorsk	5
Ebbi AK	2.7	Pló	Sæbjú	1
Flugaldan ST	1.7	Lín	Ýsa	1

Samtals afli:11.1

Rif

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Örvar SH	74	Lín	Þorsk	1
Saxhamar SH	60	Lín	Þorsk	1
Hamar SH	51	Lín	Þorsk	2
Magnús SH	7	Dra	Þorsk	1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Guðbjartur SH	29.9	Lín	Þorsk	4
Reynir Þór SH	0.7	Net	Þorsk	2
Jóa II SH	0.7	Han	Þorsk	2

Smábátaafli alls:77.5

Samtals afli: 269.5

Ólafsvík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Guðmundur Je SH	13	Dra	Þorsk	1
Ólafur Bjarn SH	9	Dra	Koli	4
Sveinbjörn J SH	9	Dra	Koli	4

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Brynja SH	28.8	Lín	Þorsk	4
Bárður SH	3.5	Net	Þorsk	3

Smábátaafli alls: 108.3

Samtals afli: 139.3

Grundarfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hringur SH	65	Tro	Þorsk	1
Berglín GK	58	Tro	Þorsk	1
Sigurborg SH	31	Tro	Rækja	1
Farsæll SH	39	Tro	Ýsa	1
Helgi SH	44	Tro	Þorsk	1
Drangavík VE	48	Tro	Þorsk	1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Vinur SH	4.8	Lín	Þorsk	3
----------	-----	-----	-------	---

Smábátaafli alls: 8.4

Samtals afli: 293.4

Stykkishólmur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hannes André SH	29	Pló	Skel	5
Blíða SH	6	Kra	Beitu	4

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Fjóla SH	12.1	Ígu	Ígulk	6
Kári SH	3.3	Lín	Ýsa	2

Smábátaafli alls:16.2

Samtals afli:51.2

Patreksfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
--	------	----------	--------------	----------

Fiskifréttir í FORTÍÐINNI

Karfi með deigi á Þýskalandsmarkað

10. MARS 1995 Fullvinnsla á frystum karfaflökum, sem velt hefur verið upp úr deigi og brauðraspi, hefst hjá Meitlinum í Þorláks-höfn nú á vormánuðum. Samið hefur verið um að fyrirtækið framleiði 200 tonn af fullunn-um karfaflökum á ári fyrir þýskan kaupanda og gildir þessi samningur til þriggja ára. Mikil

gróska hefur verið í ýmiss konar sérvinnslu hjá frystihúsi Meitilsins frá því að fullkomin flæði-lína var tekin þar í notkun fyrir þremur árum og vonast stjórnendur fyrirtækisins nú til þess að samfara frekari aukningu í sérvinnslunni verði hægt að auka fullvinnslu á sjávarafurðum verulega á komandi árum.

Núpur BA	43	Lín	Þorsk	1
Vestri BA	37	Tro	Þorsk	1
Brimnes BA	51	Lín	Þorsk	3

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Fönix BA	4.5	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 5.8				
Samtals afli: 136.8				

Tálknafjörður				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sæli BA	14.5	Lín	Þorsk	2
Samtals afli:14.5				

Þingeyri				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Egill ÍS	28	Dra	Koli	4
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli:28.0				

Flateyri				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Eiður ÍS	1	Dra	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Blossi ÍS	7.4	Lín	Þorsk	2
María ÍS	0.1	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls:16.5				
Samtals afli:17.5				

Suðureyri				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Bliki ÍS	9.3	Lín	Þorsk	2
Samtals afli:37.9				

Bolungarvík				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Guðmundur Je SH	31	Dra	Þorsk	3
Þorlákur ÍS	47	Lín	Þorsk	1
Steinunn SH	83	Dra	Þorsk	6
Matthías SH	44	Dra	Þorsk	4
Páll Helgi ÍS	6	Dra	Þorsk	3
Magnús SH	17	Dra	Þorsk	3
Ásdís ÍS	23	Dra	Þorsk	3

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Jónína Brynj ÍS	46.9	Lín	Þorsk	7
Siggi afi HU	2.0	Skö	Skötu	3
Sæbjörn ÍS	0.9	Dra	Koli	2
Hjörtur Stap ÍS	0.3	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 221.9				
Samtals afli: 472.9				

Ísafjörður				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Páll Pálsson ÍS	118	Tro	Þorsk	2
Ásbjörn RE	108	Tro	Þorsk	1
Bergur VE	65	Tro	Þorsk	1
Bylgja VE	112	Tro	Þorsk	2
Berglín GK	102	Tro	Þorsk	1
Glófaxi VE	27	Skö	Skötu	3
Halldór Sigu ÍS	3	Tro	Rækja	2
Gunnvör ÍS	6	Tro	Rækja	2
Valur ÍS	6	Tro	Rækja	2
Stefnir ÍS	71	Tro	Stein	1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sörli ST	5.2	Lín	Ýsa	3
Smábátaafli alls: 5.2				
Samtals afli: 623.2				

Drangsnæs				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Grimsey ST	15	Dra	Ýsa	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Skúli ST	7.8	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls:16.3				
Samtals afli:31.3				
Hólmavík				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hlökk ST	11.2	Lín	Þorsk	2
Samtals afli:27.2				

Hvammstangi				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Harpa HU	4	Dra	Ýsa	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Bergur Vigfú GK	6.8	Lín	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 6.8				
Samtals afli:10.8				

Skagatrönd				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Kristinn SH	38.7	Lín	Þorsk	5
Dagrún HU	6.2	Net	Þorsk	4
Samtals afli: 111.2				

Sauðárkrókur				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Málmey SK	174	Tro	Þorsk	1
Klakkur SK	94	Tro	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hafborg SK	2.9	Net	Þorsk	2
Már SK	0.5	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 4.1				
Samtals afli: 272.1				

Hofsós				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Þorleifur EA	28	Dra	Ýsa	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Bíldsey SH	48.5	Lín	Ýsa	7
Smábátaafli alls:48.5				
Samtals afli:76.5				

Siglufjörður				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Múlaberg SI	23	Tro	Þorsk	1
Sturla GK	130	Lín	Þorsk	2
Hrafn GK	97	Lín	Þorsk	2
Tjaldur SH	125	Lín	Þorsk	2
Valdimar GK	42	Lín	Þorsk	1
Tómas Þorval GK	60	Lín	Þorsk	1
Þorleifur EA	5	Dra	Ýsa	1
Kristbjörg HF	42	Lín	Þorsk	6
Kristrún RE	104	Lín	Þorsk	1
Rífsnes SH	116	Lín	Þorsk	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Óli á Stað GK	44.1	Lín	Þorsk	6
Elva Björg SI	2.8	Han	Þorsk	4
Smábátaafli alls: 105.2				
Samtals afli: 849.2				

Ólafsfjörður				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Tjaldur ÓF	1.2	Lín	Þorsk	4
Magnús Jón ÓF	1.2	Han	Þorsk	2
Samtals afli: 3.0				

Grimsey

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Gyða Jónsdót EA	17.2	Lín	Þorsk	6
Sigrún EA	1.9	Han	Ufsi	2
Samtals afli:41.4				

Hrísey				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Darri EA	17.3	Lín	Þorsk	5
Samtals afli:17.3				

Dalvík				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Björgvín EA	130*	Tro	Þorsk	1
Björgúlfur EA	100	Tro	Þorsk	2
Frosti ÞH	57	Tro	Þorsk	1
Sandvík EA	4	Dra	Ýsa	2
Sæbjörg EA	7	Dra	Ýsa	2
Snæfell EA	128	Tro	Þorsk	1
Anna EA	156	Lín	Þorsk	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Pálína Ágúst GK	20.7	Lín	Þorsk	5
Sæþór EA	15.3	Net	Þorsk	6
Fanney EA	1.1	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls:50.6				
Samtals afli: 632.6				

Árskógssandur				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Særún EA	21.0	Lín	Þorsk	5
Siggi Konn EA	5.2	Net	Þorsk	5
Samtals afli:26.2				

Hauganes				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hulda EA	1.3	Lín	Þorsk	3
Samtals afli: 1.3				

Akureyri				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Kaldbakur EA	115	Tro	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Jóhanna EA	3.4	Net	Þorsk	4
Fálki ÞH	0.9	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 4.2				
Samtals afli: 119.2				

Húsavík				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Haförn ÞH	9	Dra	Þorsk	3
Hafborg EA	28	Dra	Þorsk	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Karólína ÞH	13.4	Lín	Þorsk	3
Ingi ÞH	3.0	Net	Þorsk	3
Sóley ÞH	0.6	Han	Þorsk	2
Smábátaafli alls:18.0				
Samtals afli:55.0				

Raufarhöfn				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Geir ÞH	8	Net	Ufsi	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Háey II ÞH	22.7	Lín	Þorsk	3
Björn Hólmst ÞH	3.3	Net	Þorsk	4
Þorbjörg ÞH	0.8	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls:74.5				


Samtals afli:82.5				
Þórshöfn				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Dala-Rafn VE	66	Tro	Þorsk	1
Suðurey ÞH	17	Tro	Karfi	1
Geir ÞH	11	Net	Ufsi	2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Nonni ÞH	4.0	Lín	Þorsk	3
Smábátaafli alls: 5.2				
Samtals afli:99.2				

Bakkafjörður				
	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Halldór NS	13.7	Lín	Þorsk	3
Samtals afli:26.2				

Vopnafjörður				
Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir	
Þórsnes SH	3	Lín	Þorsk	1
Venus NS	1698	Tro	Kolmu	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Viggi NS	9.4	Lín	Þorsk	2
Smábátaafli alls:24.0				
Samtals afli: 1725.0				

Borgarfjörður eystri		
----------------------	--	--



Neysluvatnslagnir
Sjó og Krapalagnir
Þrýstiloftslagnir

LOFT
& **RAFTÆKI**
www.loft.is
Sími: 564-3000 Netfang: loft@loft.is



Á útimarkaði fyrir skreið í Nígíeríu.

Víðtæk aðgerð norskra yfirvalda

Svört skreið til Afríku

Í síðustu viku stóðu lögregla og tollayfirvöld og fleiri aðilar fyrir mikilli aðgerð gegn svartri atvinnustarfsemi í Ósló, höfuðborg Noregs. Meðal annars var verið að rannsaka útflutning á „svartri skreið“ frá Norður-Noregi. Um fimmtíu manns tóku þátt í aðgerðunum og í þeirra hópi voru starfsmenn Fiskistofunnar norsku. Frá þessu er greint í Fiskeribladet/Fiskaren.

Í aðgerðunum var lagt hald á skreið sem fannst í 7 til 8 flutningabílum á flutningamiðstöð við Alnabru í Ósló. Hér er bæði um venjulega skreið að ræða og þurrkaða hausa, hvortveggja vörur sem eru eftirsóttar í Vestur-Afríku, sérstaklega í Nígíeríu.

Skreið og notaðir bílar

Nokkrir skreiðarpakkarnir sem fundust eru merktir framleiðanda en aðrir eru algjörlega ómerktir.

Grunur leikur á stórfelldu smygli og ólöglegum útflutningi í þessu máli en rannsóknin er ekki komin það langt á veg að unnt sé að sanna að um ólög-

lega starfsemi sé að ræða á þessu stigi málsins.

Fyrir utan skreið var lagt hald á ýmsar vörur svo sem bílavarahluti og notaða bíla. Allur þessi varningur átti að fara til Afríku.

Væðispeningar til skreiðarkaupa

Grunsemdir hafa lengi verið uppi um að skreið sé flutt ólöglega gegnum Ósló. Í september síðastliðnum uppgötvaðist sending af óskráðri skreið í flutningabíl frá höfuðborgarsvæðinu sem átti að fara til Nígíeríu. Í því tilviki var talið líklegt að peningar sem notaðir voru til kaupa á skreiðinni væru tekjur af væðisstarfsemi í Ósló.

Skreiðin sérstaklega ábatasöm

Talið er að umtalsvert magn af skreið sé flutt út frá Noregi án þess að það komi fram í útflutningsskjölum eða þá að magnið sem gefið er upp sé minna en það raunverulega er.

Sem kunnugt er hefur Nígíería ekki getað keypt skreið frá Noregi síðustu mánuðina vegna gjaldeyrisskorts. Þetta ástand

gerir það að verkum að skreið er sérstaklega ábatasöm fyrir þá sem stunda smygl og selja vörur á svörtum markaði.

» kjartan@fiskifrettir.is

TRAUST
KNOW HOW LTD.
Traustar lausnir í 35 ár

Skurðavél

- ★ 3D Skönnun fyrir skurð
- ★ Laser 3D mæling
- ★ Allt að 10 skurðar á sek.
- ★ Nákvæm skömmtun

Söllumenn sími : 516 3000
traust@traust.is www.traust.is

Bosch Rexroth þjónusta
Sérhæft verkstæði fyrir vökvadælar og mótora

Sala, varahlutir og viðgerðir

Rexroth
Bosch Group

LANDVÉLAR Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi
Sími 580 5800 • www.landvelar.is

Allt til línuveiða

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

ÍSFELL
www.isfell.is
Ísnet

Nemar sem ná til þín

MARPORT
DEEP SEA TECHNOLOGY

1997-2012
15 ára

Frekari upplýsingar í síma 533 3838 eða á www.marport.com